keypt til handa Bergstaðaprestakalli fyrir 950 krónur, og jafnframt leyfa, að tekið verði 167
til nefndra jarðakaupa lán uppá Bergstaðaprestakall, sem þó ekki getur fengizt af 17. okt.
landssjóði, að upphæð 950 krónur, er ávaxtist og afborgist á 28 árum.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna*, **um lán handa prestakalli til** 168
kirkjubyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi 17. okt.
herra, í þóknanlegu brjefi dags. 14. þ. m. og beiðni hlutaðeigandi prests, vil jeg hjermeð fallast á, að tekið sje 1000 króna lán til að fullgjöra hina nýju kirkju að Eyvindarhólum, þannig að lánið endurborgist með vöxtum á 10—15 árum af Eyvindarhólaprestakalli, að því leyti sem tekjur kirkjunnar ekki skyldu hrökkva til að endurborga og ávaxta lánið.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeingar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna*, **um lán handa prestakalli til** 169
kirkjugjörðar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra 17. okt.
í þóknanlegubrjefi, dags. 1. f. m. og beiðni prestsins að Garpsdal, sjera Ólafs Ólafssonar, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki 400 kr. lán, sem þó ekki getur fengizt af landssjóði, til nauðsynlegra umbóta og aðgjörðar við Garpsdalskirkju, er þjer, herra biskup, tjáist hafa visiterað og skoðað á síðastliðnu sumri. Lán þetta ber að endurborga með áfallandi vöxtum á næstu 10 árum eptir lántökuna, og greiðist af Garpsdalsprestakalli að því leyti er tekjur kirkjunnar sjálfrar eigi árlega hrökkva til greiðslunnar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu*, **um greiðslu á** 170
aðflutningsgjaldi á tóbaki. — Með þóknanlegu brjefi dags. 21. júní þ. á. hafið þjer, 20. okt.
herra sýslumaður, skýrt mjer frá, að þegar póstgufuskipið «Thyra» kom til Seyðisfjarðar 13. d. septembermán. f. á., hafi þá verandi skipstjóri þess, premierlieutenant Boldt, sagt yður frá, að hann hefði meðferðis talsvert af tóbaki, kringum 5000 pd., tilheyrandi Jóni kaupm. Vidalín, er ættu að fara til Seyðisfjarðar, en að hann gæti ekki skipað því upp fyr en hann kæmi aptur frá Reykjavík, með því að það væri undir í skipinu. Þegar skipið kom sunnan aptur í október, var tóbakinu skipað í land, en á tíma þeim, er leið frá því er skipið kom fyrst til Seyðisfjarðar og þangað til tóbakinu var skipað upp, voru (hinn 1. okt.) gengin í gildi lög nr. 11, 9. ágúst f. á. er lögleiða hækkaðan tóbakstoll. Látið þjer í ljósi, að yður hafi þótt vafasamt, hvort heimta skyldi hinn hærri eða lægri toll af tóbaki þessu, og þar sem Jón kaupmaður Vidalín neitaði að greiða hinn hærra toll, af því að tóbakið í raun og veru hafi verið komið til Seyðisfjarðar fyrir 1. október, þótt það sakir áðurnefndra atvika yrði ekki flutt úr

170 skipinu fyrr en það kom að sunnan í október, hafið þjer borið mál þetta undir úr-
20. okt. skurð minn.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem hinar umræddu, tollskyldu vörur voru komnar þangað, sem þær áttu að fara, þegar skipið, er flutti þær, var komið til Seyðisfjarðar 15. sept., og með því að viðkomandi tollembættismanni var þá sagt til þeirra, að þær væru þangað komnar og hvernig á því stæði, að þær væru ekki fluttar í land þá þegar, þá verður að álíta, að þær hafi þarmeð verið löglega innfluttar til Seyðisfjarðar 15. september, en þar af leiðir, að tollinn af þeim ber að reikna eptir þeim tollögum, sem þá giltu, þ. e. hinum eldri tollögum, er giltu til 1. október, og gerir það enga breytingu í þessu tilliti, þó að uppskipun drægist svo sem að ofan er greint, af ástæðum, er innflytjandi ekki gat að gjört, eptir að vörurnar voru komnar þangað sem þær áttu að fara, og sagt hafði verið til þeirra til tollgreiðslu.

171

Ágrip

af reikningingi landsbankans 1. júlí til 30. sept. 1890.

Tekjur:

		Kr a.	Kr. a.
1.	Í sjóði 1. okt.		114,025 16
2.	Borguð lán:		
	a. Fasteignarveðslán	17,103 22	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	7,107 17	
	c. Handsveðslán	2,180 00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	1,535 00	27,925 39
3.	Víxlar innleystir.		34,346 00
4.	Ávísanir innleystar		3,969 28
5.	Vextir		10,550 13
6.	Diskonto		558 71
7.	Ýmislegar tekjur		429 21
8.	Frá Landmandsbankanum		4,082 00
9.	Innlög á hlaupareikning		6,000 00
10.	Sparisjóðsinnlög		74,568 91
		Tekjur alls:	276,454 79

Gjöld:

		Kr. a.	Kr. a.
1.	Lánað gegn:		
	a. Fasteignarveði	21.930 00	
	b. Sjálfsskuldarábyrgð	22,485 00	
	c. Handveði	8,010 00	52,425 00
2.	Keyptir víxlar		41,860 00
3.	Keyptar ávísanir		3,231 93
4.	Til Landmandsbankans		4,592 84
5.	Útborgað af innlögum á hlaupareikning		6,000 00
		Flyt:	108,109,77